

Hygge

CAL 2017



Vika 14/14

Designed by :

HAAK MAAR RAAK

www.haakmaarraak.nl

Made possible by :

Scheepjes
INSPIRATION IN EVERY BALL OF YARN

Höfundarrétt að þessari uppskrift á © Scheepjes.com. Þessi uppskrift er til einkanota, leyfilegt er að prenta út eintak og/eða geyma rafrænt eintak til einkanota. Ekki er leyfilegt að fjölfalda þessa uppskrift né selja hana áfram, hvort sem er rafrænt eða á pappír. Ekki er leyfilegt að pósta þessu skjali á netið, hvort sem er í heild sinni eða að hluta til. Leyfilegt er að selja tilbúna vöru sem er heklud eftir þessari uppskrift svo framarlega sem höfundar er getið. Vinsamlegast prentið ekki út afrit af þessu mynstri til þess að dreifa með seldu garni þar sem það er brot á höfundarrétti.

Í þessari viku munt þú fódra sjalið þitt, í höndunum! Eftirfarandi aðferð er mjög hrein og bein, lokaútkoman er (nær) ósýnilegur faldsaumur. Það eru svo annarlega aðrar aðferðir til þess að fódra sjal og ef þú kýst að nota aðra aðferð en þessa þá er það sjálfsagt mál!

Efni:

- 100% bómullarefni
- Valfrjálst: Hjálparþráður (e. tacking thread)
- Fatakrit eða fatatúss sem þvæst af
- Efnis skæri
- Saumatvinni (í sama lit og SW garnið)
- Saumnál

Skref 1: Þvottur

Ef þú ert að nota 100% bómullarefni, þá mun efnið líklegast minnka örlítið við þvott. Þess vegna er það ráðlagt að þvo efnið í þvottavél áður en það er saumað á sjalið. Hafið í huga að gera má ráð fyrir um 5% minnkun á efninu að meðaltali, gerið ráð fyrir þessu þegar þið verslið efnið. Strauið efnið eftir að það hefur verið þvegið.

Skref 2: Hjálparþráður

Að „fyrir-falda“ sjalið með hjálparþræði er valfrjálst, en ég mæli sterklega með því að það sé gert. Hjálparþráður (e. tacking thread) er þráður sem hægt að að slíta auðveldlega og heldur efninu á sínum stað á meðan þú saumar faldinn. Þegar notaður er hjálparþráður er auðveldara líka að leggja stykkið frá sér án þess að efnið fari á flakk.

Ekki má gleyma að fylgjast með hvernig framhlið sjalsins lítur út þegar unnið er með hjálparþráð. Ef sjalið kiprast eða stykkið liggur ekki flatt þegar þú snýrð því við, rektu þá upp og saumaðu hjálparþráðinn aftur.


Til þess að „fyrir-falda“ sjalið ykkar, fylgið eftirfarandi skrefum:

- Leggið sjalið niður og sléttið úr því og leggið efnið yfir sjalið. Snyrtið til efnið í rétta stærð, það ætti að vera um 2 cm af auka/umfram efni á öllum hliðum.
- Byrjið í efra horninu til hægri. Brettið upp 1,5 cm saum á milli sjalsins og efnisins. Þú munt sauma fódrið í lykkjur síðustu umferðar á öllum hliðum.
- Notið þræðispor og saumið hér um bil 0,5-1 cm frá brún efnisins. Verið viss um að þið saumið einnig í gegnum heklaða stykkið til þess að halda því á sama stað. Sléttið úr efninu og sjalinu með höndunum jafn óðum, verið viss um að toga ekki um of í efnið eða sjalið svo það kiprist ekki.
- Þegar þú kemur upp í efra vinstra hornið, sléttið þá varlega á efninu og klippið frá umfram efni til að fá rétta stærð. Brjótið inn hliðar sauminn.

- Haldið áfram að sauma niður styttri hliðina, stillið af sauminn ef nauðsynlegt er svo það henti best þínu sjali. Haldið áfram með þessu móti allan hringinn um sjalið. Þegar búið er að sauma allan hringinn, slítið þá hjálparþráðinn frá.

Skref 3: Fóðrið

Takið nú til þráð af tvinna og þræðið nálina, bindið hnút á endann. Þú munt vera að sauma mjög nálægt brúninni á efninu í lykkjurnar í síðustu umferðunum á öllum hliðum. Takið upp smá hluta (2-3mm) af neðstu lykkjunni með nálinni, dragið í gegn. Næst, dragið nálina í gegnum efnið að neðanverðu og takið upp smá hluta (2-3mm), dragið í gegn. Ekki toga of fast í þráðinn. Takið upp smá hluta af næstu lykkju og aðeins af næstu lykkju við hlið hennar. Haldið áfram á þennan máta í kringum allt sjalið, skiljið eftir 10 cm langan þráð tul þess að ganga frá. Með þessari aðferð sérð þú varla saumþráðinn að aftan, né að framan! Til frekari útskýringar sjá skýringarmyndina hér fyrir neðan.




Skref 4: Lóðréttar línur

Nú er efnið kyrfilega fast á öllum hliðum, en þú þarft einnig að festa efnið fyrir miðju sjali. Til þess að gera það þarftu að sauma lóðréttar línur í gegnum efnið og bakið á sjalinu með einföldum aftursting.

Mælið út miðjuna á sjalinu og merkið fyrir lóðréttum línum (frá lengri hlið að hinn lengri hlið sjalsins) með efniskrít eða efnistúss. Takið nú til þráð af tvinna og þræðið nálina, bindið hnút á endann og saumið stutt afturstings spor eftir línunni.

Afturstingur er saumaður með því að taka upp smá hluta af efninu (og sjalinu!) frá punkti A að B (sjá myndina hér að neðan) og draga þráðinn í gegn sem mun liggja yfir röngunni á sjalinu. Næst er nálinni stungið í punkt C (lykkjuna sem þú varst að gera) og tekið upp smá hluti af efninu. Endurtakið þetta þar til þú hefur saumað eftir allri línunni. Skiptið hvorum helming af sjalinu aftur til helminga og endurtakið þetta skref. Næst, skiptið hverjum helming til helminga aftur og endurtakið skrefið. Takið hjálparþráðinn úr og gangið frá öllum spottum. Þá ertu búin!



Að hugsa um sjalið þitt

Það er mjög mikilvægt að hugsa vel um sjalið þitt. Með góðri umhirðu mun það endast þér lengi. Þetta á að sjálfsgöðu við um allar hannyrðir!

Litfestir – Ávalt ætti að nota litfesti þegar sjalið er þvegið í fyrsta sinn. Garnið sem er notað í þessu samhekli heldur lit mjög vel en það er alltaf örlítill áhætta á að litir smiti frá sér. Litfestir mun festa allan lit og kemur í veg fyrir að hann liti frá sér.

Þvottur – Æskilegast er að þvo sjalið í handþvotti. Þó bómull og akríl þófni ekki þá muna sjalið og útsaumurinn í því halda sér sem best ef það verður ekki fyrir of miklu hnjaski þegar það er þvegið. Ef þú hefur ekki tök á að handþvo þá notaðu þá mjög rólegt þvottarprógramm (t.d. ullarþvott).

Þurrkun – Leggið ávalt sjalið til þerris og mótið. Forðist eftir fremsta megni að nota ekki þurrkara þar sem garnið gæti úfnað eða flækst.

Hnökur – Það er líklegt að Hygge sjalið þitt hnökri eilítið við notkun. Hnökur kemur til vegna hita og núnings, í raun hnökur allt efnið eitthvað við notkun (ef þú skoðar undir höndunum og ermarnar á uppáhalds gollunni þinni þá muntu örugglega finna hnökur þar líka!). Hnökur má fjarlægja auðveldlega með hnökurvél þegar þess er þörf. Reglulegur þvottur fjarlægir eitthvað af hnökri líka.